




BABA YAGA SYSTRAHÚS/NORNAHÚS

Þorpið vistfélag í samstarfi við félagið Femínista 60+



HVAÐ ER BABA YAGA?

- Baba Yaga er þekkt þjóðsagnapersóna í Austur Evrópu. Hún býr djúpt í skóginum í húsi sem stendur á kjúklíngalöppum. Í evrópskri goðafræði voru nornir heilarar. Baba Yaga er óútreiknanlegt náttúruafl, sem táknað bæði ótta og von, sem tortímur þeim sem sýna heimsku, græðgi eða hroka en hlífir saklausum.
- Baba Yaga systrahúsin eru alþjóðleg hreyfing sem upprunin er í Frakklandi en fyrsta húsið var byggt í París árið 1992 að frumkvæði franska femínistans og aðgerðasinnans Thérèse Clerc (1927-2016). Slík hús hafa síðan verið byggð víða um hinn vestræna heim.
- Hugmyndafræði Baba Yaga er sú að eldri konur taki sig saman og byggi sitt sameiginlega hús til að fá að eldast innan eigin veggja, þar sem lögð er áhersla á femínisma, gagnkvæma umönnun og sambærileg lífsviðhorf. Persónulegir hagsmunir og einkalíf hvernar konu eru að fullu virt, en um leið skuldbinda þær sig til að veita hver annarri styrk og stuðning í lífsins ólgu sjó.



GILDI

- Baba Yaga hús (Nornahús) er nýstárlegt verkefni sem gerir okkur kleift að lifa og búa innan okkar eigin veggja fram á efri ár, umkringd félögum sem hafa svipuð lífsgildi og við.
- Nornahús verður:
 - **SJÁLFBÆRT:** Við sjáum um húsið sjálfar, lítil utanaðkomandi aðstoð, eingöngu sú hjálp sem þarf vegna skertrar heilsu og minni líkamlegrar getu, einnig aðstoð við líkamlega umhirðu svo sem leikfimi, ýmis meðferð, nudd, gleði og nauðsyn sem léttir lífið.
 - **FEMINÍSKT:** Við komum allar úr kvenréttindahreyfingunni.
 - **SAMTENGING** (Samstaða): Um leið og einkalíf er virt og varðveitt munum við hjálpa hverri annari að lifa og deyja með reisn.
 - **BORGARAR:** Við munum vera þátttakendur í samfélaginu og vera virkar eins lengi og hægt er, láta í ljós skoðanir okkar og taka þátt í félagslegu, pólitísku og menningarlegu lífi.
 - **VISTVÆNT:** Nornahúsið verður byggt með umhverfis-, efnahags- og orkunýtingu í huga. Í rekstri hússins verður sérstaklega horft til umsýslu á vatni, orku og úrgangi. Samnýting á rafmagnsbíl er fyrirhuguð.



AF HVERJU NÝTT BÚSETUFORM?

- Lengri lífslíkur leiða til fjölgunar aldraðra íbúa.
- Á Íslandi mun öldruðum (65+) fjölga á næstu árum og verða um fjórðungur þjóðarinnar 2060 samkvæmt spám.
- Hættan á félagslegri einangrun og þunglyndi aldraðra er til staðar og þeir eru oft einmana.
- Baba Yaga er fyrir fólk sem vill búa sjálfstætt, hefur félagsskap og stuðning heimilisfélaga, setur sér reglur og tekur þátt í nærsamfélaginu.
- Þetta fyrirkomulag hentar ekki öllum en er frábær valkostur við önnur búsetuform þegar aldur færir yfir.



SKIPULAG BÚSETUKJARNANS

- 23 litlar íbúðir.
- Sameign á jarðhæð í björtu rými með góðri lofthæð og gegnumbirtu, stórir gluggar að götu og opið/opnanlegt inn í garð.
- Kaffihús/veislueldhús sem gæti verið í almennum rekstri.
- Sauna, heitur pottur og útisturta.
- Sólarvæði.
- Grænmetisgarður og gróðurhús.
- Lyftukjarni.
- Kjallari með geymslum.




GÖLMLU HÚSIN Á HORNÍ BRÆÐRABORGARSTÍGS OG VESTURGÖTU



Teikningar í kynningu: Yrki arkitektar



TILLAGA 1: YFIRLIT



TILLAGA 1: MASSASTÚDÍA



TILLAGA 2: SKIPULAG FYRSTU HÆÐAR



1. hæð

TILLAGA 1		
 YRKJ ARKITEKTAR HAFNARSTR. 28, 101 HAFNARAR TÉLF: 595 5000, VÖSKULÍKA HG. 0000000101, www.yrkj.is		
Þorpó Vistfélag		
NAMA		
BABAYAGA SYSTRAFJÖLBÝLI		
Skráning		
Skráningarskipti		
TÖ1		
DRÖG/TÖ	SKALA	ÖSKA
08.12.31	1:200	SBEJÁHA
VERKLEIÐI	SKAÐAVAL	LIÐSMAKUR
V376	SB	IVINSLU



TILLAGA 2: ÚR INNIGARÐI



TILLAGA 3: SÉÐ FRÁ BRÆÐRABORGARSTÍG



TILLAGA 3: SÉÐ INN Í INNIGARÐ



TILLAGA 4: SÉÐ FRÁ VESTURGÖTU



TAKK FYRIR

